


Windows vista gögn

Til að vista gögn í OneDrive þurfum við að vera skráð inn í OneDrive. Þetta þarf aðeins að gera einu sinni:

Finnum OneDrive í leitinni og veljum appið:




Þá opnast “Set up OneDrive” gluggi þar sem við stimplum inn mi notendanafnið @misa.is  
Og veljum Sign in:

 Microsoft OneDrive ×

## Set up OneDrive

Put your files in OneDrive to get them from any device.



Email address

mi1234567@misa.is


Create account

Sign in


Skráir þig inn og klárar uppsetningarferlið.

Ef þú ert nú þegar skráð/ur í OneDrive með öðrum aðgangi:


Veljum bláa skýið sem er neðst til hægri á skjánum. Veljum svo tannhjólið og “settings”



Veljum svo Account og “Add an account” og stimplum þá inn mi notendanafnið @misa.is og förum í gegnum innskráningarferli.




Núna þegar við veljum möppuna er komin ný skýjamappa sem heitir “nafn – Menntaský”




Öll skjöl sem við vistum þarna inni eru geymd bæði á tölvunni og á netinu inná <https://onedrive.live.com/login/en-us/> svo við höfum aðgang að þeim úr hvaða tölvu sem er.


Til að búa til möppu hægri smellum við inní OneDrive möppunni og veljum new -> Folder



Þannig get ég flokkað skjölin mín niður á áfanga td.



Þegar ég vill svo vista skjal úr Word eða Excel td þá vel ég “AutoSave” hnappinn efst til vinstri



Ég vel OneDrive – Menntaský þar sem mi notendanafnið mitt er fyrir neðan

Ég skýri svo skjalið sem ég er að vinna í og vel “OK”

## How do I turn on AutoSave?

Just upload the file. We'll save your changes as they happen.

 OneDrive - Menntaský  
mi1234567@misa.is

 OneDrive  
Sign in


Document Name

Name your document:

Leiðbeiningar

OK Cancel

Þá ætti að standa “On” við “AutoSave” og skjalið að vera komið með nafnið sem ég valdi. Núna vistast allar breytingar sem ég geri á skjalinu sjálfkrafa.



Ég finn skjalið svo undir Menntaskýs OneDrive möppunni og get þá fært það í möppu eða fært inn í moodle til að skila því td.

